

Er unnt að tengja öfgaflokka í Evrópu eftir seinni heimsstyrjöld við fasisma?

Breski sagnfræðingurinn, Roger Griffin: Fasismi er eins konar ofursóttkveikja, sem bregst sífellt við og aðlagar sig nýjum aðstæðum og sóttvörnum, bregður sér í alls konar kvikinda líki.

Spænski nýfasistinn, Ernesto Mila Rodriguez: „Hið vestræna samfélag er eins og gimsteinn, afar harður og óbrotgjarn. En hann brestur, sé höggvið er á veika blettinn.“ (Lee, Martin A. *The Beast Reawakens*. Routledge, N.Y. 2000, bls. 388 – lausleg þýðing er mín.)

Inngangur: Yfirlit Rogers Griffin?

Roger Griffin segir um skilgreiningu á fasisma: „... enn sem komið er hefur engin ein hinna mörgu kjörskilgreininga á fasisma hlotið almenna gagnsemisviðkenningu.“

Að hans dómi felur samnefnari fyrirbærisins í sér goðsögn um hina endurfæddu þjóð með ýmsum tilbrigðum umbreytinga og skýringum. Fasistar eru alla jafnan sammála um þær hættur, sem steðjar að þeim; þ.e. kenningar Marx og Leníns, efnishyggja, alþjóðahyggja, frjálshyggja, einstaklingshyggja. En þá greinir á um, hvað þurfi til að berja í brestina, og hversu öflugt ofbeldi þurfi til að beita. Ofbeldið er runnið af kynþáttahatri og heimsdrottunarhyggju.

Fasisma telur Griffin í eðli sínu öfgafull þjóðernishyggju og því muni þjóðlegur fasismi taka mið af þjóðmenningunni til að réttlæta árás sína á óbreytt ástand. Fasismi sækir fylgi sitt meðal aðskiljanlegustu hópa samfélagsins, en ekki einvörðungu til lægri miðstéttar eða eignamanna.

Í kjölfar seinni heimstyrjaldar hafa skotið upp kollinum smáir og skammlífir flokkar, sem reyna að tillíkjast fasisma, en eru í raun einungis þykjustufasistar (mimeic fascists).

Á síðustu áratugum hafa aftur á móti hafa risið öfgakenndar þjóðernishreyfingar eða flokkar, sem aðlagð hafa boðun sína á endurreisn þjóðarinnar þróun mála í kjölfar seinni heimsstyrjaldar. Þeir telja sig sumir hverjir óháða millistríðsfasismanum. Dæmi um þetta eru MSI (Movimento Social Italiano) á Ítalíu, og Þýskir Lýðveldissinnar. Í Frakklandi fylgja sumir fasistar Front National að málum. Sá flokkur var stofnaður af Le Pen og hefur notið tilkomumikils fylgis. Í opinberum málflutningi, sem einkennist af kynþáttahatri, er fremur um að ræða brenglað, íhaldssamt frjálslýndi en byltingarkennda sannfæringu.

Trúverðugustu fasistahreyfingu um síðustu aldamót var „Afrikaner Weerstandsbeweging“ í Suður-Afríku. Í Evrópu. Nýfasískar hreyfingar gera einnig vart við sig í Evrópu eins og Nýir hægri (New Right) í Frakklandi. Áhrif í þessa átt eru greinilega í Bretlandi.

Nýfasistar í Evrópu gæla við hugmyndina um hina nýju Evrópu endurfæddra þjóða, sem býður byrginn höfuðfjöndunum tveim, Bandaríkjum Norður-Ameríku og Rússlandi. En sú hugmynd var einnig á kreiki á millistríðsárunum.

Það má líklegt teljast, að fasismi og nýfasismi verði eilíft viðloðandi stjórnsmál í samtímanum. En þar sem þær aðstæður eru ekki til staðar, sem stuðluðu að valdatöku fasista og nasista, má ætla, að þessi öfl muni hjara utan garðs um fyrirsjáanlega framtíð. (Roger Griffin (ritstj.))

International Fascism. Theories, Causes and the New Concensus. London 1998, Oxford Univ. Press, bls. 36-37).

Skilgreining fasisma:

Griffin skilgreinir fasisma sem afbrigði byltingarkenndrar öfgaþjóðernishyggju með endurfæðingu þjóðarinnar fyrir augum. Hún er grundvölluð á vakningu fjöldans og liðsöfnunar meðal hans, sniðin að öfgafullum úrvalshópi, leiðtogaaðdáun, og viðurkenningu ofbeldis, bæði sem markmið í sjálfu sér eða til að ná ákveðnu takmarki. Það býr í stefnunni tilhneiging til þeirrar afstöðu, að stríð og/eða hermennskudyggðir séu eðlilegar. (Endursagt: Stanley G. Payne. A form of revoultionary ultra-nationalism, bls.155 í: Griffin, R. Nature of Fascism, bls. 198.)

Skilgreining Mosse: „Umgjörð fasismans má í fagurfræðilegum skilningi skoða sem þegnleg trúarbrögð, óhefðbundin sem slík með helgisiðum og táknum til að gæða trúna lífi. Þegnleg trúarbrögð snúast fyrst og fremst um lífið á jörðinni og eðli ríkisvalds og þjóðar. Hinni heilögu fegurð er beitt í þágu stjórnarbyltingar.“ (George L. Mosse. The Fascist Revolution. Toward a general theory of fascism. (New York 1999, Howard Fertig, bls. 45-46 – lauslega þýtt af mér.)

Flokkunarkerfi Stanley G. Payne á fasískum hreyfingum yfirleitt:

Hugmyndafræði og markmið:

Kynna hugmyndafræði í anda sjálfráðrar vakningar. Hugsjónin er stofnun nýrrar menningar, sem er veraldleg og lýtur innri stjórn. - Sköpun þjóðríkis í anda valdboðs án fyrirmynda. – Komið verði á fjölþættu, reglubundnu efnahagskerfi fyrir þjóðina. Nafngiftir geta verið ýmislegar; stofnanaræði (corporativism), þjóðernisjafnaðarhyggja eða verkalýðshyggja. (syndicalism). – Ofeldi og stríð er litið jákvæðum augum og flokkurinn er þess albúinn að beita hvorug tveggja. – Markmiðið er ýmist útpensla, stofnun heimsveldis eða að knýja fram breytingar á samskiptum við önnur veldi.

Andúð fasista:

Andúð beinist að frjálshyggju, jafnaðarhyggju, íhaldssemi (þó í þeim skilningi, að hópar fasista séu tilbúnar til tímabundins samstarfs við flokka af öðru sauðahúsi, venjulega hægrisinnaða).

Yfirbragð og skipan:

Viðleitni til að skipa fylkingu fjöldans í anda hermennsku með það að stefnumiði að skapa flokksher. Þannig verða stjórn málin hervædd.

Áhersla er lögð á umgjörð funda með táknum og stjórn mála legum helgisiðum, þar sem tilfinningar og goðsagnir í brennidepli.

Ofuráhersla er lögð á karldrottun og manndóm samtímis því, að samfélagið er kynnt sem lífræn heild eða þjóðarlíkami.

Æskudýrkun er áberandi, lögð er áhersla á kynslóðaágreining, allavega meðan umhverfing til hugmyndafræðinnar á sér stað.

Einstaklingsbundnir persónutöfrar og valdþrungin (authoritarian) forysta er áberandi, hvort heldur hún er að einhverju leyti valinn upphaflega eða ekki. (Stanley G. Payne. A form of revolutionary ultra-nationalism, bls. 147-155 í: Roger Griffin (ritstj.) International Fascism. Theories, Causes and the New Concensus. London 1998, Oxford Univ. Press.)

Dó fasisminn eftir seinna heimsstríð?

Síðla á fimmta áratugi síðustu aldar skutu margar hreyfingar hollar fasisma rótum í Evrópu, Suður-Afríu og latnesku Ameríku. Þrátt fyrir mikið fylgi, sérstaklega á Ítalíu og í Frakklandi, hafði engin þeirra áhrif til jafns við öflugust fasistaflokkana á millistríðsárunum.

<http://www.britannica.com/EBchecked/topic/202210/fascism#ref539415>

Dave Renton spyr eins og við: Er fasismi horfinn af sjónarsviðinu? Það held ég ekki, svarar hann. Í auðvaldsskipulaginu mun fasismi taka sig upp aftur. Meðan kreppur bresta enn á og atvinnuleysi viðgengst, skapast örvænting í stjórnmalunum. Og meðan skipulagt kynþáttahatur er við lýði mun fasismi blómstra. Framgangur Le Pen og Haiders bera vitni um það. Fasismi er ekki lengur söguleg áskorun, heldur aftur orðinn hluti meginstraums stjórnmalanna í Evrópu. (Endursagt: Dave Renton. Fascism. Theory and Practice. London 1999, Pluto Press., bls. 109)

Hann heldur áfram: Fasismi sá dagsins ljós, þegar ósigur byltingarhreyfinganna átti sér stað í Ítalíu og Þýskalandi í kjölfar fyrri heimstyrjaldar, en það var á níunda áratugi síðustu aldar, þegar starf og stjórnmal verkalýðsstéttarinnar var í uppnámi, að kynþáttahatri og fasisma óx fiskur um hrygg í Evrópu. (Endursagt: Dave Renton. Fascism. Theory and Practice. London 1999, Pluto Press, bls. 111)

Ofstækishreyfingar - öfgahreyfingar:

Hugmyndir manna um öfgar og öfgahreyfingar eru mismunandi. Orðabók Menningarsjóðs skilgreinir öfgar; ýkjur, of sterkt orðalag, það sem er fjarstætt eða óhugsandi, hófleysi, utan skynsamlegra marka. Öfgakenndur er ofstopafullur, stækur. En í samanburði við hvað?

Enn sér ekki fyrir endann á umræðum um, hvað hægri öfgastefnur feli í sér og hvernig beri að skilja aðgerðir þeirra og hugmyndafræði, segir James McAuly. (Endursagt: McAuly, James W. Ulster loyalism and extreme right wing politics, bls. 85-103.)

Taylor og félagar skilgreina hægri ofstækishóp svo: Hugtakið „hægri ofstækishópur“, sem einkennist af ofbeldi og hryðjuverkum, ber að skoða sem grófa alhæfingu, eins konar regnhlífahugtak, sem felur í sér öfgafulla og ofbeldisfulla þátttöku í stjórnmalum. Hún beinist að samfélögum og einstaklingum, sem gerðir eru að blóraböggli fyrir vonbrigði ofbeldiseggjanna, þegar vonir bresta og metnaðurinn bíður hnekki. (Endursagt: Taylor, M. og fl. (eds.) Introduction, bls. 1-14. Extreme Right Wing Political Violence and Terrorism. Bloomsury, London 2013, bls. 2.)

Hvaða greinir fasisma frá öðrum stjórnmalum á hægri vængnum? Að dómi Geoff Eley var það beiting stjórnmalalegs ofbeldis, þvingun og kúgun í stjórnarfari, að grípa til vopna fremur en orða, að berjja andmælendur til óbóta í stað þess að eiga við þá viðræður. (Geoff Eley.

Conservatives and radical nationalists in Germany: the production of fascist potentials, 1912-1928, bls. 50-69.)

Hinar nýju lýðhyggjuhreyfingar (new populist party) í Vestur-Evrópu:

Stundum er greint milli öfgahópa, nýlýðhyggju (new populism) og nýfasisma (neo fascism). Skoðum fyrst nýlýðhyggjuna.

Paul Taggart telur skynsamlegt að greina milli nýlýðhyggjuflokka (new populist party) og nýfasískra flokka (neofascist party). Í fyrsta lagi kemur þá í ljós, að velgengni í kosningum um þessar mundir er nátengdari nýlýðhyggju, heldur en nýfasisma. Í öðru lagi bregður slík aðgreining birtu á hliðstæður Hinna nýju stjórnmála (new politics) og nýlýðhyggju og bendir þannig til, að breytingar á hægri vængi stjórnmálanna kynnu að vera vísbendingar um breytingar í vestur-evrópskum stjórnmálum. Ræturnar kunna að liggja dýpra heldur en ætla mætti af andúð í garð innflytjenda og endurkomu fasisma. (Endursagt: Taggart, Paul. New Populist Parties in Western Europe, Vol 18. Issue 1, 1995, pp. 34-51.)

Andrea Mammone velkist í vafa um, hvort nýlunda felist í starfsemi öfgahreyfinga á hægri vængnum í Frakklandi, Ítalíu og Bretland. Raunsærra væri að skoða þessar hreyfingar sem tvíhöfða þurs, nýtísku nýfasisma. Það beri að gjalda varhug við því, að heiti eins og lýðhyggja, gæti stuðlað að lýðræðislegri velþóknun í garð flokka, sem láta í ljósi nýfasískar, ólýðræðislegar tilhneigingar og andúð á því, sem framandi er. (Mammone, Andrea. The Eternal Return? Faux Populism and Contemporarizaton of Neo-Fascism across Britain, France and Italy. Journal of Contemporary European Studies, vol. 17, nr. 2, 171-192, august 2009.

Þúsund ára ríkið (millenarianism):

Í umræðu um öfgahópa er ekki undan því skorast að taka upp þráðinn um tengsl kristni og fasisma, sérstaklega í ljósi nýrrar guðfræði eins og t.a.m. þá, sem Arísku þjóðirnar í BNA boða.

Chip Berlet telur hin ágengu og tvískiptu tilbrigði við Kristilega samsemdarguðfræði í BNA lýsa nýfasisma nákvæmlega eins og t.d. hinar Arísku þjóðir bera vitni um. Kenning Giovanni Gentile (1875-1944), heimspekingi fasisma Mussolinis, um ríkisræði (totalitarianism), sem stuðli að helgisiðavæðingu stjórnmálanna, og kenning Roger Griffin (f. 1948) um goðsagnakennda upprisu þjóðarinnar með stuðningi allra stétta, frjónvga hvor aðra með tilliti til skilnings á fasisma. Þær fylla nýjan og víðtækan flokk, þ.e.hugmyndir um ragnarök og tilkomu þúsundarárísins. (Endursögn: Berlet, Chip. Christian identigy: the apocalyptic style, political religion, palingenesis and neo-facism. Totalitarian Movements and Political Religions, vol. 5, is. 3, 2004, pp. 469-506.)

Þúsundarárríkinu er svo lýst: Í fyllingu tímans mun Kristur snúa aftur í allri sinni dýrð og safna saman hinum réttlátu, eyða fjandsamlegum öflum, og stofna dýrðlegt ríki hér á jörð, þar sem fólk nýtur velgjörða í andlegum og efnalegum skilningi. Sjálfur mun hann ríkja sem konungur með þáttöku hinna réttlátu, þar með taldir dýrðingarnir, endurheimtir í tölu lifenda. Að lyktum þessa konungríkis mun Kristur ásamt dýrðingunum stíga upp til himna, meðan hinir illu, sem einnig gengu í endurlífgun lífdaganna, munu fordæmast til eilífðar nóns. Hið dýrðlega ríki Krists og dýrðinga hans er oft og tíðum afmarkað af árþúsundi. Þess vegna er það gjarnan nefnt „þúsundaráríkið (millenium)“, en trúin á tilkomu þessa ríkis er nefnd

„Þúsundaráríkistrúin (millenarianism eða chiasm).“ (Kaþólsk orðabók: <http://www.newadvent.org/cathen/10307a.htm>)

Hvað er nýfasismi:

Dave Renton segir á þessa leið. Það væri að æra óstöðugan að eltast við smáatriði í skilgreiningu á fasískum hugmyndum. Hinar aðskiljanlegustu hreyfingar þeirra hafa stutt hinar sundurlausustu hugmyndir. ... Þjóðernishreyfing Le Pen í dag [1999] er miklu nátengdari rómanskri kaþólsku en fasisma. Þrátt fyrir þennan mun ber að skoða Þjóðernishreyfinguna sem fasíska hreyfingu, þar eð mismunandi hugmyndir þjóna sama tilgangi og Mussolini og Hitler höfðu. En það er alkunna, að þegar kreppa ríður yfir auðvaldshagkerfið, kann að koma vaxtarkippur í fasismann. (Endursagt: Dave Renton. Fascism. Theory and Practice. London 1999, Pluto Press, bls. 101-102.)

Renton bætir við: Lykillinn að skilningi á fasisma er innbyrðis afstaða hreyfingar og hugmyndafræði. Það merkir þó ekki, að kjarni skilgreiningar sé fjöldafylgi – það er engin ástæða til að ætla, að fasistaflokkar, sem ná tilgangi sínum séu fasískari, en þeir, sem gera það ekki. Fasismi var og er hugmyndafræði, þar sem megininntakið er uppræting borgaralegs lýðræðis. (DR, bls. 106)

Nýfasistar eru talsmenn ýgrar þjóðernisstefnu og auðsveipni valdsins, eru í andstöðu við það einstaklingsfrelsi, sem boðað var í Upplýsingunni, gera árásir á Marxsinna og vinstri hugmyndafræði, leita sér blóraböggla í samræmi við hatur sitt á útlendingum og öðrum kynþáttum, þykjast sjálfir vera verndarar þjóðlegrar menningar og trúarbragða, dýrka ofbeldi og hetjudáðir í hernaði og styðja efnahagsáætlunar hinna „lýðhollu“ hægrimanna. <http://www.britannica.com/EBchecked/topic/202210/fascism/219394/Neofascism>

Skrímlið rumskar:

Martin A. Lee hefur skrifað bók um skrímslið, sem vaknar af blundi, fasistaskrímslið. Ný bylgja fasisma ríður nú yfir.

Goðsögnin um endurfæðingu þjóðarinnar er tengd fasismanum órofgjörnum böndum og breytileg frá þjóð til þjóðar með tilliti til félagslegra og sögulegra þátta. - Önnur bylgja fasismans hlýtur því að veða öðruvísi, en sú fyrri. Nýfasískir leiðtogar gripu tækifærin, þegar þau buðust og sýndu hagsýni, gengu í endurnýjun lífdaganna, beittu skrauthvörfum í hugtakanotkun til að dylja ævarandi hatur sitt á lýðræði og þjuggust þannig til kosninga. – Fasisminn vaknar nú af blundi eftir að hafa legið í híði sínu í hálfu öld. (Endursagt: Lee, Martin A. The Beast Reawakens. Routledge, N.Y. 2000, bls. 9-12.)

Er fasismi geðsjúkdómur lýðsins?

Samnefnari allra ofangreindra hreyfinga: ofbeldisdýrkun, bylting og valdafíkn, leiðtogadýrkun, goðsögn um hið nýja ríki og stjórn þess. Hugtök úr fundasali frönsku byltingarinnar um hægri og vinstri eiga vart erindi í umræðuna lengur. Þau virðast úrelt. Öfgahópar sníða hugmyndafræði sína að hentugleikum. Hún virðist takmarkast við menntun hugmyndafræðinga hennar. Ofstæki, hatur, valdrán, blórabögglar, ofurmenni og undirmenni hafa alltaf verið til. Gæti verið, að ofangreindar hreyfingar um þessar mundir eigi rót í eðli mannsins?

Um miðja síðustu öld, skrifar **Max Horkheimer** (1895-1973): „Um þessar mundir [um miðja tuttugustu öldina] lætur Gyðingahatur með allri þeirri eyðileggingu, sem í því býr, ekki á sér kræla. Jafnvel lýðsjúkdómur getur legið tímabundið í dvala, þar sem samfélagsfræðingar líkt og líffræðingar eða læknar, geta reynt að brjóta hann til mergjar í þeirri viðleitni að koma í veg fyrir eða sporna gegn hatrinu, þegar það losnar næst úr læðingi.“ (Max Horkheimer og Samuel H. Flowerman, foreword, bls. V. í: Adorno, T.W og fl. *The Authoritarian Personality*. Harper & Row, N.Y. 1950 – lauslega þýðing er mín.)

Fasisma er líkt við sjúkdóm, sem kviknar við ákveðnar aðstæður í samfélaginu. Hatur á Gyðingum í Evrópu var þekkt um aldir.

Dave Renton: Ber einfaldlega að skilja fasisma sem andlegan lýðsjúkdóm? Ég hygg ekki. Fólk hefur sýnt kvilla í aldanna rás, en fasismi var getinn og dregur dóm af uppruna sínum. Hann er barn þróaðs auðvaldssamfélags. Fasismi er annað og meira en viðeigandi hugarfóstur hinnar valdþrungu manngerðar. Hann er aðskilinn hefð í stjórnámálum.“ (Endursagt: Dave Renton. *Fascism. Theory and Practice*. London 1999, Pluto Press, bls.104-105)

En gæti verið, að Renton yfirsæist, að það mannleg eðli, sem birtist í fasisma og nasisma, var einungis ný birtingarmynd þess. Kjarni mannlegt eðlis eins og ýjað er að hér að framan, var sá sami löngu fyrr og verðar það trúlega um fyrirsjáanlega framtíð.

Hluti þessa kjarna er sú sterka tilhneiging að beita valdi og samtímis sýna því auðsveipni, og næmi fyrir hlýðni og múgsefjun, fylgja hópnum, fjöldanum.

Fyrsta bylgja fasismi og nasisma eru börn síns tíma. Nýjar aðstæður í sögulegum skilningi voru fyrir hendi, þ.e. einkum vaxandi þéttbýli, nýir atvinnuhættir iðnbyltingarinnar og miðlunartækni. Múgsefjun Hitlers og Mussolinis grundvallaðist á henni.

Er ný manntegund í deiglunni (homo democraticus/homo nationaldemocraticus?) Félagssálfræðingar gerðu um miðbik síðustu aldar miklar rannsóknir í þessu efni. Fremstir fóru þar í flokki þýskir félagsvísindamenn með Theodor Adorno og Max Horkheimer í flokki. Þeir veltu fyrir sér sköpin hinnar valdþrungnu manngerðar (authoritarian personality), valdboðsmannsins.

Hvað er hin valdþrungna manngerð – valdboðsmaðurinn (authoritarian personality)? Manngerðarleg forsenda fasisma.

Horkheimer segir: Valdboðsmaðurinn er ný tegund. Hann sameinar dæmigerðar hugmyndir og færni iðnvæðingarsamfélagsins alls konar hindurvitnum og óskynsemi. Því er hann hvort tveggja í senn uppfræddur og hjátrúarfullur. Enda þótt hann sé stoltur af einstaklingseðli sínu er hann dauðskelkaður samt sem áður, því hann hefur til að bera ríka tilhneigingu til að tillíkjust hinum, múginum, og að lúta valdi. (Endursagt: Max Horkheimer. Preface, bls. ix. í: Adorno, T.W og fl. *The Authoritarian Personality*. Harper & Row, N.Y. 1950.)

Rannsakendur benda á tvær félagslegar forsendur fasisma, sem að sjálfsögu eru í fullu gildi í dag, en taka að sumu leyti á sig breytta mynd. Það er þjóðhverfa og fjarhópur.

Þjóðhverfa (ethnocentrism) og fjarhópar (outgroups): Félagsslegar forsendur fasisma.

„Fjarhópar eru í eðli sínu taldir ógnvekjandi og valdsæknir. Ásakanir á hendur þeim eru oft og tíðum þverstæðukenndar og tengdar siðferði. Í raun og veru eru þeir valdaminni, enn þeir eru, sem telja sér stafa ógn af þeim. Það er eitt megineinkenna þeirra.“ (Max Horkheimer. Preface, bls. ix. í: Adorno, T.W og fl. The Authoritarian Personality. Harper & Row, N.Y. 1950 – lausleg þýðing er mín.)

Þjóðhverfa grundvallast á stífri og altumlykjandi (pervasive) aðgreiningu milli nærhóps og fjarhóps. Snar þáttur hennar er neikvæð ímynd fjarhópsins og andúð í garð hans andstætt því, sem gildir um nærhópinn. Viðhorf til eigin nærhóps einkennist af undirlægjuhætti. Goggunarröðin er skýr í samskiptum hópa. Nærhópurinn hefur á réttu að standa og yfirburði, fjarhópurinn er undirlægja. (MH, bls. 150)

Uppræting fasisma:

Skilyrði fyrir endanlegri upprætingu fasismans er ný tegund samfélags, þar sem framleiðsla er miðuð við þarfir fólks, vinna er næg, fátækt er horfin sem og örvænting og kynþáttahatur.“ (Dave Renton. Fascism. Theory and Practice. London 1999, Pluto Press, bls. 116 – lausleg þýðing er mín.)

Niðurstaða:

Er unnt að tengja öfgaflokka í Evrópu eftir seinni heimsstyrjöld við fasisma? Það er vissulega hægt, en skilmerkilegra er þó að horfa á fasisma Mussolinis og Hitlers sem börn síns tíma, sem sköpuðust við ákveðnar, sögulegar aðstæður. En nú eru nýir tímar. Það er ekki ástæða til að ætla, að þær aðstæður í samfélaginu, sem ríkjandi voru við tilurð stefnunnar, séu þær einustu, sem leysi úr læðingi sömu þætti í mannlegu eðli, og þá átti sér stað. Það, sem mestu máli skiptir í þessu tilliti, eru andlýðræðisleg öfl, og spurningin, hvort unnt sé að sporna gegn valdatöku ofbeldisaflanna í nútíma samfélagi. Enn eru fyrir hendi þær aðstæður fyrir uppgangi fasismans, sem áður voru taldir. Sumar þó betri eins og t.a.m. upplýsingatæknin. Þegar hinna jafnaðarmennskulegu iðnríkja nútímans eru vel tamin, hlýðin og auðsveip. Sérstaklega á þetta við um Íslendinga, sem einungis hafa á afrekaskrá sinni, þegar til mótmæla er litið, nokkrar bænaskrár, slagsmál við Góðtemplarahúsið og dangl í pönnur og potta við Austurvöll. Ríkisvaldið hefur dafnað eins og púki á fjósbita. Því er nánast ekkert óviðkomandi og vakir yfir lífi einstaklinganna. Þær aðstæður gæti augljóslega skapast, að ríkisræðisflokkur af einhverju ofantalinna sauðahúsa næði völdum eftir lýðræðislegum leiðum.